



# VERKLAG

GRUNUR UM OFBELDI, VANRÆKSLU EÐA  
ÁHÆTTUGHEGÐUN BARNNA



Verklag stofnana og annarra sem koma að umönnun og starfi með börnum og ungmennum þegar upp kemur grunur um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna.

**Ritstjórn og ábyrgð:**

Starfsmenn barnaverndar á fjölskyldusviði Akureyrarbæjar  
Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags á samfélagssviði Akureyrarbæjar

**Umbrot og hönnun:** Ásprent.

[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Útgefið 2019, Akureyri

# Efnisyfirlit

---

Formáli .....	5
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....	6
Verklag .....	7
Verklag - lýsing .....	8
Tilkynningarskylda .....	11
Þegar mál hefur verið tilkynnt (ferli mála) .....	12
Flokkun tilkynninga - skilgreiningar .....	13



# Formáli

Þann 22. janúar 2019 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar aðgerðaáætlun um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með því að uppfylla alla þá þætti sem kemur fram í þeirri aðgerðaráætlun mun Akureyri hljóta viðurkenningu UNICEF á Íslandi um að hafa náð því takmarki að geta kallað sig barnvænt sveitarfélag sem í hvívetna vinnur eftir þeim ákvæðum sem koma fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í aðgerðaráætluninni er gert ráð fyrir að útbúið verði skýrt verklag um tilkynningaskyldu starfsfólks sem vinnur með börnum (viðbragðsáætlun) vakni grunur um að börn verði fyrir vanrækslu, ofbeldi eða sýni sjálf áhættu hegðun. Slíkt verklag verði öllum starfsmönnum aðgengilegt og starfsmenn fái viðeigandi upplýsingar og fræðslu um viðbragðsáætlun.

Starfsmenn barnaverndar á Fjölskyldusviði Akureyrar hófust handa við verkefnið vorið 2019 og unnu það síðan í samvinnu við verkefnastjóra barnvæns sveitarfélags á Akureyri.

Tekin var ákvörðun um að hanna rafræna handbók um verklag eða viðbragðsáætlun þegar grunur vaknar um óviðunandi aðbúnað barna og gera hana eins aðgengilega og hægt er fyrir starfsmenn og allan almenning í raun. Á sama tíma var tekin ákvörðun um að hanna rafræn tilkynningareyðublöð bæði fyrir starfsmenn sem starfa með börnum og allan almenning sbr. 16. og 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002. Á tímabilinu var leitað aðstoðar sérfræðinga á skjalasafni og vefstjóra hjá Akureyrarbæ. Þá var keypt þjónusta í formi umbrots og hönnunar af Ásprent á Akureyri.

Við hönnun á rafrænu handbókinni var m.a. stuðst við útgáfu Garðabæjar en það bæjarfélag í samstarfi við Menntaklif hönnuðu og gáfu út metnaðarfullt rafrænt verklag um tilkynningaskylduna árið 2015. Þá var einnig stuðst við handbók og verklagsreglur útgefið af Barnaverndarstofu.

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Í því felst m.a. skylda til að kanna aðstæður barna þegar tilkynningar berast, veita nauðsynlegan stuðning og beita úrræðum til verndar börnunum þegar við á. Hagsmunir barna eiga að vera leiðarljós í öllu starfi barnaverndarnefnda og ætíð ber að leita þeirra lausna sem börnum er fyrir bestu.

Með góðu og markvissu samstarfi þeirra sem koma að málefnum barna eru góðar líkur á að Akureyri fái viðurkenningu UNICEF sem barnvænt samfélag.

**Handbók þessi verður skoðuð og uppfærð reglulega**

# BARNASÁTTMÁLINN

Greinar í Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna sem lúta að vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna.

## 19. grein

### Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingaleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

## 27. grein

### Lífsskilyrði

Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Aðildarríki skulu tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð og stuðningsúrræði ef þörf krefur. Jafnframt skulu aðildarríkin tryggja hverju barni innheimtu framfærslulífeyris frá þeim sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvort sem viðkomandi býr innanlands eða í útlöndum.

## 34. grein

### Kynferðislegt ofbeldi

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s. þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi.

## 39. grein

### Bati og aðlögun

Tryggt skal að börn sem sætt hafa vanrækslu, misnotkun, grimmilegri eða vanvirðandi meðferð eða eru fórnarlömb átaka fái viðeigandi meðferð til að ná bata og aðlagast samfélaginu.

# VERKLAG

Vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna

Hverjum þeim sem býr yfir grun eða vitneskju um að barn búi við vanrækslu, ofbeldi eða sýni af sér áhættusama hegðun er skylt að tilkynna

1

## GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN

Barn tjáir sig um slíkt

Grunur um að barn hafi verið beitt ofbeldi, búi við vanrækslu eða stundi áhættuhegðun

Grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Grunur um að sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

2

## SKRÁNING

Starfsmaður skrái málsatvik á eins nákvæman hátt eins fljótt og mögulegt er vegna tilkynningar

Sé grunur um ofbeldi af hendi náins aðstandanda skal ekki greina þeim eða forsjáraðilum frá tilkynningu heldur hafa strax samband við barnavernd.

3

## HVERT SKAL LEITA?

Hafið samband við stjórnanda eins fljótt og mögulegt er

Ef barn er í hættu og stjórnandi ekki við skal hafa strax samband við barnavernd í síma 460 1420 eða 112

Telji starfsmaður sig ekki geta leitað til stjórnanda skal leita ráðgjafar hjá starfsfólki barnaverndar

4

## TILKYNNING

Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar

Tilkynningareyðublöð er að finna á vef Akureyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í 112

# VERKLAG

Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuþegðun barns

## 1. GRUNUR VAKNAR – HVERT ER HLUTVERK STARFSMANNA OG ÆSKILEG VIÐBRÖGÐ

- Barn eða ungmenni leitar til starfsmanns:

Ef barn leitar til starfsmanns og gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað inná heimili þess eða annars staðar er mikilvægt að starfsmaður:

- Virði traustið sem barnið sýnir starfsmanni
- haldi ró sinni
- hlusti á barnið
- leyfi því að tjá sig óhindrað
- beiti barnið ekki þrýstingi
- segi barninu að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur án þess að spyrja leiðandi spurninga. **Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá lögreglu.**

Sé barn með sýnilega áverka eða segi frá ofbeldi skal samstundis upplýsa yfirmann viðkomandi stofnunar eða félagasamtaka.

Yfirmaður hefur án tafar samband við barnavernd fjölskyldusviðs í síma 460-1420 eða í gegnum 112.



Sé grunur um ofbeldi af hendi náins aðstandanda skal ekki greina þeim eða forsjáraðilum frá heldur hafa strax samband við barnavernd

460 1420  
112

Góðar setningar eru t.d:

- Takk fyrir að segja mér frá þessu.
- Rétt af þér að koma og segja frá.
- Viltu segja mér eitthvað meira frá þessu eða annað.
- Ég ætla að hjálpa þér.





## GRUNUR UM ÓVIÐUNANDI AÐSTÆÐUR, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA

- Starfsmaður skal koma upplýsingum til yfirmanns svo fljótt sem auðið er. Ávallt er hægt að leita ráðgjafar til starfsmanns barnaverndar. Það er á ábyrgð yfirmanns að tilkynna um málið til barnaverndar fjölskyldusviðs. Það er hlutverk barnaverndar að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim málsmeðferðarreglum sem um slíkt gilda og byggðar á grunni barnaverndarlaga.
- Í þeim tilvikum þar sem ítrekaðar ábendingar starfsfólks til foreldra, stuðningur og beiting vægari úrræða hafa ekki náð að bæta aðstæður barns/ungmennis eða hegðun þess skal tilkynna málið til barnaverndar fjölskyldusviðs.

## ER GRUNUR UM AÐ FORELDRI EÐA EINSTAKLINGUR SEM SÆKIR BARN SÉ UNDIR ÁHRIFUM ÁFENGIS- EÐA ANNARRA VÍMUEFNA?

- Leita skal til yfirmanns og vísa viðkomandi inná skrifstofu hans í samtal sé þess nokkur kostur. Skal upplýsa viðkomandi um grunsemdir starfsfólks og ekki sé rétt að hann farið með barnið.
- Ef viðkomandi aðili er ekki samvinnufús skal leita allra leiða til að viðkomandi fari ekki með barnið af vettvangi sé barninu hættu búin. Yfirmaður hringir í lögreglu í gegnum 112 og óskar aðstoðar ef þörf er á.

**Yfirmaður tilkynnir einnig um málið til barnaverndar.**

## ER GRUNUR UM AÐ STARFSMAÐUR BEITI BARN OFBELDI EÐA SÝNI ÓVIÐEIGANDI HEGÐUN Í GARÐ BARN/UNGMENNIS

- Starfsmaður leitar til næsta yfirmanns síns. Yfirmaður vinnur málið í samræmi við verklagsreglur stofnunar eða félags.

**Yfirmaður tilkynnir málið til barnaverndar sbr. 35. gr. barnaverndarlaga.**

Ávallt skal gæta trúnaðar og aðgátar í nærveru sálar

# VERKLAG



## 2. SKRÁNING MÁLSATVIKA

- Starfsfólk skal skrá eins fljótt og auðið er um öll málsatvik og samtöl vegna hugsanlegrar tilkynningar.

## 3. HVERT GETUR STARFSMAÐUR LEITAÐ?

- Starfsmaður skal leita til yfirmanns.
- Ef ekki næst í yfirmann og barn/ungmenni þykir í bráðri hættu eða öryggi þess ógnað skal tilkynna beint til barnaverndar fjölskyldusviðs og upplýsa yfirmann svo fljótt sem auðið er um stöðu máls.
- Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til yfirmanns skal hann hafa samband við barnavernd Fjölskyldusviðs eða beint við það svið sem hann tilheyrir, t.a.m. Fræðslusvið, Samfélagssvið.

460 1420  
112

## 4. TILKYNNING

- Yfirmaður tilkynnir mál formlega til barnaverndar Fjölskyldusviðs.
- Tilkynningareyðublöð eru til rafræn á vef Akureyrar en á forsiðunni er þar til gerður tilkynningahnappur, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)
- Einnig er hægt að senda barnaverndartilkynningar bréflega á:  
Fjölskyldusvið – barnavernd, Glerárgötu 26, 600 Akureyri.
- **Hægt er að leita ráða hjá starfsmönnum barnaverndar í síma 460 1420.**
- Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma er hægt að fá samband við bakvakt barnaverndar í síma 112.

### NAFNLEYND

Tilkynning er ávallt í nafni stofnunar eða félags en ekki einstakra starfsmanna. Stofnun nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaga.

# TILKYNNINGARSKYLDA

skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002

## 16. gr. Tilkynningarskylda almennings

Öllum ber að tilkynna til barnaverndar ef grunur leikur á að barn:

- Búi við óviðunandi uppeldisaðstæður
- Verði fyrir áreitni eða ofbeldi
- Stofni heilsu sinni og þroska í hættu

- Tilkynnandi skv. 16. gr. getur óskað nafnleyndar
- Tilkynnandi skal segja á sér deili

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífverni þungaðrar konu eða hún mögulega beitt ofbeldi.

## 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður líkt og kemur fram hér að ofan er skylt að tilkynna það til barnaverndar.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskajálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í efsta dálki.

Tilkynningarskylda gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. gr. barnaverndarlaga

# ÞEGAR MÁL HEFUR VERIÐ TILKYNNT (FERLI MÁLA)

Yfirmaður skal alla jafna láta foreldra vita af tilkynningu

Nema ef grunur er um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt af hendi náins aðstandanda

Þannig er reynt að koma í veg fyrir að barnið verði fyrir meira ofbeldi og spillingu rannsóknarhagsmuna

Allir þeir sem hafa afskipti af málefnum barna stöðu sinnar vegna er skylt að hafa samstarf við barnavernd

Skal leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila sbr. 20. gr. barnaverndarlaga

Tilkynnandi á ekki rétt á upplýsingum frá barnaverndarnefnd er varðar barn sem tilkynnt er um eða fjölskyldu þess.

Barnavernd staðfestir við tilkynnanda að tilkynning hafi borist

Innan sjö daga skal ákveða hvort tilkynningarefni verði rannsakað eða ekki á grunni barnaverndarlaga. Fyrir ef málið er metið bráðamál. Könnun skal vera lokið innan þriggja mánaða.

**Margvíslegum úrræðum er beitt komi mál til meðferðar hjá barnavernd, má nefna:**

Regluleg viðtöl við ráðgjafa, ýmsa sérfræðipjónustu, persónulega ráðgjöf, tilsjón og stuðningsfjölskyldur, eftirlit með heimilishögum, auk tímabundinnar vistunar og úrræða á vegum Barnaverndarstofu

# FLOKKUN TILKYNNINGA - SKILGREININGAR

## VANRÆKSLA

Vanræksla flokkast í tvo flokka: líkamleg og tilfinningaleg.

Líkamleg vanræksla getur þýtt að barnið fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og getur stefnt heilsu þess og þroska í hættu. Í sumum tilvikum byrjar vanræksla í móðurkviði.

Þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla

Barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra

Vanræksla getur stafað af því að foreldrar séu ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna áfengis- og vímuefnaneyslu.

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, m.a. þegar barn er skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa aldur eða þroska til

Vanræksla varðandi skólagöngu barns. Að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegs aðbúnaðs og ábendingar til foreldra bera ekki árangur

# OFBELDI

## LÍKAMLEGT

Barn slegið, hrist,  
því hent til, brennt,  
bundið

Ofbeldi sem leiðir til þess að barnið  
skaðast eða er líklegt til þess.  
Líkamleg ummerki þurfa ekki alltaf  
að vera sjáanleg en líkamlegt ofbeldi  
gegn börnum varðar við lög

Barni sé viljandi gefin  
hættuleg lyf eða annað  
sem getur skaðað það

## TILFINNINGALEGT

Barn verður vitni  
að ofbeldi milli  
foreldra sinna

Þegar foreldrar eða aðrir umönnunar-  
aðilar sýna barni viðvarandi neikvætt  
viðhorf og neikvæðar tilfinningar  
sem kemur í veg fyrir þróun  
jákvæðrar sjálfsmýndar barns

Algjört aðgerðarleysi,  
eins og að sýna barninu  
engar tilfinningar

Viðhorf eða hegðun sem segir að  
barnið sé einskis vert, engum þyki  
vænt um það eða enginn vilji sjá það

Þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum  
eða komið er fram við það á  
ómanneskjulegan eða niðrandi hátt

## LÍF OG HEILSA ÓFÆDDS BARN ER Í HÆTTU

## KYNFERÐISLEGT

Barn látið horfa á  
klámefni eða  
kynfæri eða myndir  
teknar af barni í  
þeim tilgangi að  
örva kynferðislega

Kynferðislegum athöfnum, orðum eða  
myndum er beint að barni.  
Milli fullorðins einstaklings og barns  
eða milli tveggja barna þar sem annað  
hefur vald yfir hinu

Þuklað sé á  
kynfærum barns  
eða barn látið  
þukla á kynfærum  
einhvers

Kynferðislegum myndum,  
orðum og samræðum á  
samfélagsmiðlum

Samfarir við  
barn

# ÁHÆTTUHEGÐUN BARN



